

Nd.

160. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 27 frá 1921, um aukatekjur rikissjóðs.

Flm.: Guðbrandur Ísberg.

1. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Fyrir að aflýsa skjali og afmá það úr veðbréfabókinni, svo og fyrir að aflýsa afborgun á veðskuld og gera áritun um það á veðskuldabréfið skal greiða 3 krónur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1933.

Greinargerð.

Það er alkunnugt, að mjög litlu er aflýst af skjölum á ári hverju, í hlutfalli við tölu þeirra skjala, sem þinglesin eru. Er mönnum í sjálfsvald sett, hvenær þeir láta aflýsa skjölum sínum, og verður því mörgum að spara sér þann kostnað, sem af því leiðir, í lengstu lög, og þó mun hitt eigi síður valda, að menn muna eigi, hvert gjaldið er, og gera sér oft í hugarlund, að það sé hærra en lögum samkv. verður krafizt. Má telja víst, að fast gjald, hið sama fyrir öll aflýsingarskjöl, sem fljótt mundi verða á allra vitorði, hvert væri, mundi verða miklu vinsælla, enda þótt það alloft yrði heldur hærra en það gjald, sem nú er greitt. Væri það mikil framför, ef takast mætti að fá allan almenning til að láta aflýsa veðskjölum sínum, þeim er greidd eru. Og það, sem rikissjóður tapaði á hinum tiltölulega fáu bréfum, sem eru að upphæð 5000 krónur og þar yfir, mundi vinnast upp á þeim bréfum, sem eigi ná 4000 krónum, og á því, að miklu fleiri bréfum mundi árlega verða aflýst en nú er. — Nánar í framsögu.